



ALMANNAVARNIR SUÐURNESJA, utan Grindavíkur
Flugvöllum 33, 230 Reykjanesbær

69. fundur

**Fundur haldinn í stjórn Almannavarna Suðurnesja utan Grindavíkur, fimmtudaginn
1. mars 2023 kl. 12:00 í fundarsal Brunavarna Suðurnesja bs. að Flugvöllum 33,
Reykjanesbæ.**

Mætt voru: Kjartan Már Kjartansson formaður, Úlfar Lúðvíksson, Gunnar Axel Axelsson, Magnús Stefánsson, Jón Guðlaugsson, Gunnar Schram, Guðbergur Reynisson, Guðlaug R. Guðjónsdóttir, Arnar Steinn Elíasson og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. **Úlfar Lúðvíksson fer yfir stöðuna.**

Lögreglustjóri fór yfir stöðuna á Reykjanesskaganum í tengslum við náttúruvá. Fram kom í máli hans að búið væri að ráða inn fjóra starfsmenn til almannavarna. Einnig kom fram í máli lögreglustjóra að gist er að jafnaði í 7-8 húsum til Grindavík. Starfsmenn sem eru starfandi í fiskvinnslu í Grindavík eru alls um 40 manns. Auk þess sem Bláa Lónið er opið fyrir gesti.

2. **Upplýsingamiðlun til íbúa, KMK segir frá íbúafundi sem fram fór í gær**

Formaður fór yfir fundinn í gær sem haldinn var í Stapa en erindi fundarins voru afar fróðleg. Upptaka af fundinum er aðgengileg á Facebook síðu Reykjanesbæjar.

- Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, formaður bæjarráðs Reykjanesbæjar opnaði fundinn.
- Ari Trausti Guðmundsson, jarðfræðingur var með erindi um jarðfræði Reykjanesskagans
- Kristinn Harðarson framkvæmdastjóri framleiðslu hjá HS Orku, var með erindi um afhendingaöryggi hitaveitu og raforku til dreifiveitu - viðbrögð og forvarnir
- Páll Erland forstjóri HS Veitna, var með erindin um afhendingaöryggi vatns og raforku til íbúa og fyrirtækja - viðbrögð og forvarnir

Reykjanesbær hélt fundinn en fulltrúar í almannavarnanefnd bentu á að svona upplýsingafundir ættu að vera í nafni almannavarnanefndar og þannig verði unnið sameiginlega að samræmdri upplýsingagjöf.

3. Nýr forstjóri HSS, Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir

Nýr forstjóri HSS kynnti sig en fyrsti starfsdagur forstjóra er í dag. Almanna- og almannavarnarnefndin býður hana velkomna til starfa.

4. Nýr starfsmaður Almanna- og almannavarnadeildar Ríkislögreglustjóra, Arnar Steinn Elísson

Arnar Steinn er búinn að sitja í nefndinni frá árinu 2019 sem fulltrúi Landsbjargar. Hann er ný ráðinn starfsmaður Almanna- og almannavarnadeildar Ríkislögreglustjóra. Hlutverk hans er að samræma verkefni sem falla undir Almanna- og almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra. Meðal þeirra verkefna má nefna áhættu- og áfallapól sveitarfélaga en ráða á inn annan starfsmann tímabundið í það verkefni. Það verkefni verður unnið í samstarfi við sveitarfélögin á Suðurnesjum. Arnar er boðinn velkomin til starfa.

5. Önnur mál

Enginn önnur mál.

Fundi slitið kl. 12.45.